

Lög

um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða,
og lögum nr. 92/24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
- Á eftir 1. másl. 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 6. másl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
- Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. másl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum kemur: 1. október 1998.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.